

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag tjald- og þjónustusvæðis á Flúðum.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tjald- og þjónustusvæði á Flúðum, austan Sunnuhlíðar. Skipulagssvæðið er 15,7 ha að stærð og gert ráð fyrir 13.350 m² lóð fyrir allt að 1.200 m² þjónustumiðstöð með sambyggðu gróðurhúsi á einni hæð, með möguleika á kjallara. Einnig er gert ráð fyrir um 14,3 ha svæði undir tjald-, húsbíla- og hjólhýsasvæði með fjórum byggingarreitum fyrir salerni og einum byggingarreit fyrir þjónustuhús.

Samþykkt í sveitarstjórn 8. nóvember 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. desember 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2007